



notkunnarleiðbeining

1 Öryggisleiðbeiningar

Einungis faglærðir rafvirkjar mega sjá um innbyggingu og uppsetningu rafmagnstækjanna.

Ef leiðbeiningum er ekki fylgt getur tækið skemmst, eldur komið upp eða önnur hættu skapast.


Takið tækið úr sambandi áður en viðhaldsvinna fer fram. Það gildir einnig um alla sjálfvirka öryggisrofa sem geta leitt hættulega spennu í tækið.

Ekki má vinna á skjánum með skörpum eða beittum hlutum.

Notið aldrei skarpa eða harða hluti við hreinsun tækisins. Hvorki má nota sýrur né lífræn leysiefni.

Þessar leiðbeiningar eru hluti af vörunni og verða að fylgja með til neytandans.

2 Tækjalýsing



mynd 1: Framhlið

(1) Snertiskjáborð

3 Aðgerð

Kerfisupplýsingar

Þetta tæki er framleitt af KNX-Systems og uppfyllir allar kröfur og reglur KNX. Staðgóð fagþekking sem aðeins fæst á námskeiðum KNX er nauðsynleg til að skilja uppbyggingu og vinnslu tækisins.

Verkun tækisins er háð þeim hugbúnaði sem notaður er. Nákvæmar upplýsingar um slíkan hugbúnað og vinnslu mismunandi útgáfa hans er að finna í gagnabanka framleiðandans. Undirbúningur, uppsetning og notkun tækisins má aðeins fara fram með hjálp KNX-vottaðs hugbúnaðar. Gagnabanki um framleiðsluvörur okkar ásamt tæknilegum lýsingum á þeim er ávallt uppfærður og tiltækur á vefsíðunni.

Rétt notkun

- Stjórnun notenda og birting á stöðu og upplýsingum um tengdan búnað, t.d. kveikingu/ slökkvun eða deyfingu á ljósi, stjórnun á gluggatjöldum, hitun, orkunotkun, tölvupóst, fréttabjónustu o.s.frv.
- Uppsetning með innfellingu í hola eða fasta vegg innanhúss

Eiginleikar tækis

- Upplýstur og forritanlegur grafískur TFT-litaskjár, 320x240 pixlar, 4096 litir
- Snertiskjár, stjórnað með fingrasnertingu beint á skjá

- Má innfella bæði lárétt og lóðrétt
- USB-tengi fyrir fljótlega forritun með tölvu
- Allt upp í 1600 stjórnunaraðgerðir og 400 birtingarmöguleikar
- Hámark 50 síður
- Upp í 24 ljósasenur með 32 stýrimöguleikum
- Vikutímarofi með 16 tímakerfum, hvert með 8 aðgerðartímum (með möguleika á sjálfvirkri tímastillingu eða slambistillingu)
- Upp í 50 mismunandi bilunarboð, heildar-bilunarboð
- Aðvörunarkerfi með tveimur virknisviðum
- Læsibúnaður – Gerir mögulegt að hreinsa skjáinn
- Lykilorðsvarðir aðgerðahópar
- Upp í 80 rökhlíð, 12 fjölfléttar
- Skráning og birting á aðgerðum, notkunargildum, atburðarás o.s.frv.


Viðbótaraðgerðir ef tækið er tengt við IP-net eða Ethernet:

- Getur stjórnað allt að 5 tölvupósthólfum og birt pósttextana
- Getur stjórnað og birt allt upp í 8 RSS-strauma
- Fjarstýring með tölvuhugbúnaði

4 Notkun

Birting á skjá

Verkun og birting á skjáborði fer eftir hugbúnaði og forritun hans og er því mismunandi eftir kerfum. Á einni skjásíðu geta verið stöðuupplýsingar, notkunargildi og tölulegar upplýsingar, en hann getur líka verið forritaður með stýrihnöppum.



mynd 2: Birting á skjá

- (2) Stöðulína
- (3) Skjásíða
- (4) Stjórnsluggi/-hnappur eða birtingargluggi/gaumljós
- (5) Flettistika
- (6) Aðgerðarhnappar

Himnuskjáborð

Skjárin er með snertinæmt yfirborð og nefnist því snertiskjár. Tækinu er stjórnað með því að snerta skjáborðið með fingri eða sérstökum skjápenna (fylgir ekki með tækinu).

-  Ekki má vinna á skjánum með skörpum eða beittum hlutum.

Stöðulína

Ef tækið hefur verið forritað er stöðulínan (2) efst á skjánum sýnileg. Stöðulínan getur birt allt upp í tíu atriði:

- Atburðaskráning
- Heildar-bilunarboð
- Notkunargildi
- Dagsetning, tími, ASCII-textar

Skjásíða

Á skjásíðunum (3) birtast stjórngluggar/-hnappar eða birtingargluggar/gaumljós (4) eða myndir.

- Gluggar/gaumljós (4) sýna stöðu hinna ýmsu hluta tækisins.
- Stjórngluggar/-hnappar eru til að auðvelda áttun eða til stjórnunar tækja, tækjahluta og aðgerða.
- Á öllum skjásíðum (3) er einnig hægt að velja bakgrunnsmynd.

Flettistika

Með hjálp flettistikunnar (5) má skruna yfir eina eða fleiri skjásíður. Með örvahnöppunum má flakka milli glugga/gaumljósa.

- Tvíátta örvahnappar: Eru aðeins sýnilegir þegar tengdar síður eru fyrir hendi. Með tvíátta örvahnöppunum má skipta yfir í tengda síðu.
- Örvahnappar: Skipta milli glugga/gaumljósa á viðkomandi skjásíðu.

Aðgerðarhnappar

Fyrir hvern stjórnglugga eða -hnapp (4) eru upp í fjórir aðgerðarhnappar (6) sem birtast og hægt er að nota eftir að stjórngluggi eða -hnappur hefur verið valinn.

Velja aðgerð eða notanda

Til þess að hægt sé að nota tækið verður fyrst að velja aðgerð og notanda.

- Fyrst er valin skjásíðan með þeim stjórnglugga/-hnappi eða birtingarglugga/gaumljósi sem óskað er.
- Viðkomandi aðgerð er valin með fingrinum.
Skjárinn sýnir nýja birtingu
- eða -
Skjárinn sýnir umbeðna aðgerðarhnappa.
Hægt er að beita aðgerðinni.

Breyting á aðgerð eða notanda sem óskað er

Framkvæmdin fer eftir því hver aðgerðin er.

Viðkomandi aðgerð verður að hafa verið valin og aðgerðarhnapparnir þurfa að vera sýnilegir.

- Hefja aðgerð: Ýta stutt á viðkomandi aðgerðarhnapp.
- Deyfa: Ýta lengi á viðkomandi aðgerðarhnapp.
- Færa rimla- eða rúllugardínur: Ýta lengi á viðkomandi aðgerðarhnapp.
- Stöðva eða breyta stillingu á rimla- eða rúllugardínur: Ýta stutt á viðkomandi aðgerðarhnapp.
- Virkja ljósasenu: Ýta stutt á viðkomandi aðgerðarhnapp.
- Forstilla gildi, t.d. birtu- eða hitagildi: Ýta stutt á viðkomandi aðgerðarhnapp.
- Breyta gildi með beinum innslætti: Þegar ýtt er á réttan aðgerðarhnapp birtist talnaborð á skjánum. Tala gildisins er þá slegin inn og staðfest með **Vista**.
- Breyta gildi með sleðarofa: Þegar ýtt er á réttan aðgerðarhnapp birtast á skjánum sleðarofi, stillikvarði og innstílt gildi. Gildinu er breytt með því að renna til sleðanum og breytingin staðfest með **Vista**.

Stilla tímarofa

Tímarofa-aðgerðir þurfa að vera virkar áður en tækið er forritað.

- Velja skjásíðuna **Tímarofi**.

- Velja tímarofa-aðgerð sem óskað er og ýta á **Breyta**.
Aðgerðartímarnir fyrir þá tímarofa-aðgerð sem valin var eru sýndir.
- Velja aðgerðartíma sem breyta á.
Síðan með aðgerðartímanum sem valinn var opnast.
- Velja **Tími** og slá á talnaborðinu inn aðgerðartímann sem óskað er. Staðfesta valið með **Vista**.
- Velja **Vikudagur**. Vikudagar sem tengdir eru viðkomandi aðgerð eru merktir með **X**.
- Ef óskað er má ýta á **Astro** fyrir sjálfvirka tímastillingu.
- i** Ef sjálfvirka tímastillingin **Astro** er valin stillast aðgerðartímarnir eftir sólsetri og sólrisu. Innstilltur aðgerðartími markast þá við fyrsta eða síðasta aðgerðartíma – allt eftir því hvort um er að ræða kveikingu/slökkvun eða rimla-/rúllugardínustillingu:

Innstilltur aðgerðartími	kl. 0:00 til 11:59	kl. 12:00 til 23:59
Lýsing	Hefur/lýkur aðgerð við sólrisu, en í síðasta lagi á innstilltum aðgerðartíma	Hefur/lýkur aðgerð við sólsetur, en í fyrsta lagi á innstilltum aðgerðartíma
Rimla-/rúllugardínur / skygging	Hefur/lýkur aðgerð við sólrisu, en í fyrsta lagi á innstilltum aðgerðartíma	Hefur/lýkur aðgerð við sólsetur, en í síðasta lagi á innstilltum aðgerðartíma

- Framkvæma aðgerð sem óskað er, t.d. kveikja/slökkva, hve mikið skyggja á o.s.frv.
- Staðfesta valið með **Vista**.
Aðgerðartímarnir fyrir þá tímarofa-aðgerð sem valin var eru sýndir.
- Stilla inn fleiri aðgerðartíma ef þörf er á.
- Staðfesta innslegin gildi með **Vista**.
- Hætta við innslegin gildi með **Hætta við**.

Eyða aðgerðartíma

- Velja skjásíðuna **Tímarofi**.
- Velja tímarofa-aðgerð sem óskað er og ýta á **Breyta**.
Aðgerðartímarnir fyrir þá tímarofa-aðgerð sem valin var eru sýndir.
- Velja aðgerð sem á að eyða.
Síðan með aðgerðartímanum sem valinn var opnast.
- Velja **Eyða gögnum** og vista valið til staðfestingar.
- Staðfesta innslegin gildi með **Vista**.
- Hætta við innslegin gildi með **Hætta við**.

Breyta ljósasenum

Ljósasenu-aðgerðir þurfa að vera virkar áður en tækið er forritað.

- Velja síðuna **Ljósasenur**.
- Veljið ljósasenu sem óskað er.
Valin ljósasena er merkt.
- Ýta stutt, < 1 sek., á hnappinn **Vista opnun**. til að opna ljósasenuna.
- Breyta nafni á ljósasenu: Ýta á hnappinn **Breyta texta** og breyta nafninu með lyklaborðinu. Hætta við innslegin gildi með **Hætta við** eða staðfesta þau með **Vista**.
- Ýta á hnappinn **Breyta senu**.
Senan sem valin var er sótt.
Þau ljós, rimla- eða rúllutjöld o.s.frv. sem eru virkar fyrir ljósasenurnar eru sýnd með innstilltum gildum.
- Velja gildi fyrir þau tæki sem óskað er, t.d. **Kveikt**, **Slökkt** eða **70%**. Fyrir tæki sem ekki eru tengd ljósasenunni og ekki á að breyta þarf að velja **Öbr.** – óbreytt.
- Staðfesta innslegin gildi með **Vista**.

- Hætta við innslegin gildi með **Hætta við**.
- Fara út úr síðunni **Ljósasenu** með **Til baka**.
- ❶ Einnig er hægt að stilla ljósasenu handvirkt með KNX-stjórnunarskipunum. Síðan þarf að merkja þá senu sem óskað er á síðunni **Ljósasenu** og ýta lengi, >5 sek., á hnappinn **Vista opnun**. Þá les og vistar tækið stillingar allra tækja sem tengdar eru viðkomandi senu og ekki hafa verið merktar sem **Öbr.** – óbreyttar.

Lykilorðsvörn

Hægt er að verja aðganginn að allri stjórnun tækisins eða vissum þáttum hennar fyrir óviðkomandi. Til þess býður tækið upp á allt upp í fjögur fimm talna lykilorð á mismunandi þrepum. Þegar tækið biður um lykilorð verður að slá inn lykilorðið fyrir það þrep sem óskað er. Frá verksmiðju eru lykilorðin **11111**, **22222**, **33333**, **44444**.

- ❶ Skyldi eitt eða fleiri lykilorð glatast getur sérلærður KNX-rafeindavirki endurheimt þau.

Notkun á lykilorðsvarinni síðu

Tækið biður um að lykilorð sé slegið inn. Jafnframt opnast rétta þrepið fyrir viðkomandi aðgerð. Lykilorðið birtist á skjánum sem stjórnur. Fyrsta táknið er undirstrikað.

- Slá inn lykilorðið fyrir viðkomandi þrep. Lykilorð má innihalda tölur frá 0...9. Ef lykilorðið er slegið rétt inn opnast samstundis sú skjásíða sem óskað er.

Opna þjónustusíðu

Frá þjónustusíðunni er hægt að komast á síðurnar fyrir kerfis- og skjástillingar, einnig í hreinsunarham.

- Ýta á aðgerðarhnappinn **Þjónustusíða**.
Þjónustusíðan greinist í undirsíðurnar **Birtingarstilling**, **Kerfisstilling** og **Kerfisstjóri**.

Fínstillta snertiskjá

- Opna þjónustusíðu.
- Ýta á **Birtingarstilling**.
- Ýta á **Snertistilling**.
Á skjánum birtast allmargir punktar hver á eftir öðrum.
- Ýta á miðjuna á þeim punkti sem sýndur er hverju sinni.
- Skjárinn lýkur sjálfkrafa við fínstillinguna.

Hreinsa snertiskjáinn

Til þess að engar aðgerðir fari af stað þegar óhreinindi, fingraför og þess háttar eru fjarlægð er tækið búið sérstökum hreinsunarham. Á meðan tækið er í hreinsunarham er skjárinn ónæmur og bregst ekki við snertingu.

- Opna þjónustusíðu.
- Ýta á **Hreinsihamur**.

Yfirborðið á skjánum má hreinsa með mjúkum klút. Ef þörf er á má væta klútinn. Í 1 mínútu verka engar snertingar á tækið. Á skjánum er sýnt hve mikið af hreinsunartímanum er eftir.

Að loknum hreinsunartímanum fer tækið aftur yfir á þjónustusíðuna.

- ❶ Notið aldrei skarpa eða harða hluti við hreinsun tækisins.
- ❶ Hvorki má nota sterk hreinsiefni, sýrur né lífræn leysiefni.
- ❶ Gæta verður þess að enginn vökvi komist inn í tækið.

Stilla grunnbirtu

Ef snertiskjáriinn er ekki notaður í nokkurn tíma skiptir hann yfir í svokallaða grunnbirtu til að spara orku.

- Opna þjónustusíðu.
- Ýta á **Birtingarstilling**.
- Ýta á **Birtustilling**.
- Stilla grunnbirtuna á **Björt**, **Dimm** eða **Slökkt**

Hin nýja stilling kemur í ljós næst þegar farið er í grunnbirtu.

Breyta dagsetningu

- Opna þjónustusíðu.
- Opna **Kerfisstilling**.
- Velja **Dagsetning**.
- Slá inn viðeigandi dagsetningu. Röðin er DD.MM.JJJJ.
- Staðfesta valið með **Vista**.
- ❗ Tækið tekur ekki við ógildum skipunum.

Stilla inn tíma

- Opna þjónustusíðu.
- Opna **Kerfisstilling**.
- Velja **Tími**.
- Slá inn réttan tíma. Röðin er KK:MM
- ❗ Gefa tímann upp skv. 24-stunda kerfi.
- Staðfesta valið með **Vista**. Tækið tekur ekki við ógildum skipunum.

Breyta vikudegi

- Opna þjónustusíðu.
- Opna **Kerfisstilling**.
- Velja **Vikudagur**.
- Slá inn réttan vikudag.
- Staðfesta valið með **Vista**.

Skoða tilkynningalista

- Opna þjónustusíðu.
 - Opna **Kerfisstilling**.
 - Velja **Tilkynningar**.
- Tækið sýnir þau bilunarboð sem fyrir liggja.

Samband við þjónustuaðila

- Opna þjónustusíðu.
 - Opna **Kerfisstilling**.
 - Velja **Þjónustuaðili**.
- Upplýsingar um innstilltan þjónustuaðila birtast.

Breyta litastillingum

- Opna þjónustusíðu.
- Opna **Kerfisstilling**.
- Velja **Litastilling**.
- Velja það litakerfi sem óskað er.
- Staðfesta valið með **Vista**.

Endurheimta forstillingu frá verksmiðju

- Opna þjónustusíðu.
 - Velja **Kerfisstjóri**.
 - Velja **Verksmiðjustilling**.
- Á skjánum birtist öryggisspurning, hvort áreiðanlega eigi að endurheimta upprunalegar forstillingar og eyða öllum síðari notendastillingum.
- Ýta á **Nei**, ef halda á notendastillingunum.

- Ef virkilega á að endurheimta allar upprunalegar forstillingar, þarf að ýta á **Já**.
Tækið stillir sig upp á nýtt og fer aftur í upprunalegar stillingar framleiðandans.
Ljósasenum er eytt (nöfnum og gildum).
Öllum tímarofagildum er eytt.
Upprunalegar litakerfis- og grunnbirtustillingar eru endurheimtar.
Öllum bilunarboðum er eytt.
Öllum fínstillingum er aftur breytt í upprunalegt horf.
Vistuðum tölvupósti, RSS-færslum og skráum yfir breytt gildi er eytt.
Þessi aðgerð er færð í ferilskrána.
-  Þótt stillt sé á upprunalegar forstillingar er vistuðum verkefnagögnum og lykilorðum ekki eytt.

Breyta lykilorði

- Opna þjónustusíðu.
- Velja **Kerfisstjóri**.
- Velja **Lykilorð**.
- Veljið það lykilorðsþrep sem óskað er.
- Slá inn nýja lykilorðið.
- Staðfesta valið með **Vista**.

Skoða ferilskrá

Í ferilskrá vistar tækið mikilvæga atburði eins og endurstillingu og niðurböluð forrit eða forritsgögn. Einfaldar aðgerðir er ekki vistaðar.

- Opna þjónustusíðu.
- Velja **Kerfisstjóri**.
- Velna **Ferill**.
- Skoða **Ferill**.

Athuga forritsútgáfu

Skjásíðan **Útgáfa** sýnir núverandi útgáfu forrits.

- Opna þjónustusíðu.
 - Velja **Kerfisstjóri**.
 - Velja **Útgáfa**.
- Upplýsingar um **útgáfu** forritsins í tækinu eru sýndar.

Tölvupóst-aðgerðir

Ef kerfið er þannig stillt getur tækið birt tölvupóst. Eftirfarandi forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að hægt sé að nýta tölvupóstþjónustuna:

- Tenging við Íðnet
- Aðgangur að tölvupóstþjóni gegnum alnet eða innranet
- með pósthólfum sem stillt eru inn á hugbúnað netþjónustunnar

Eftirfarandi aðgerðir standa til boða:

- Birting á 5 tölvupósthólfum
- Tilkynning um nýjan tölvupóst
- Birting á tölvupóst-textum
- Sending á fyrirfram skilgreindum tölvupósti, t.d. sjálfvirkum skilaboðum kerfisins

Opna tölvupósthólf

Tölvupóstkerfið er stillt og virkt.

- Opna skjásíðuna **Rafpóstur**.
Öll tengd pósthólf eru sýnd.
- Opna það pósthólf sem óskað er.

Pósthólflið sem valið var er opnað og tölvupósturinn í því listaður upp.

Uppfærsla á tölvupósthólfi

Uppfærsla á tölvupósthólfi fer fram sjálfvirk eða handvirk, eftir því hvernig forritað er. Skjásíðan **Rafpóstur** er opin.

- Ýta á það pósthólf sem óskað er í meira en 5 sek.
- i** Allt eftir því hvernig tölvupjónustan er gæti uppfærsla pósthólfsins tekið nokkurn tíma.

Lesi tölvupóst

Pósthólflið sem valið var er opnað og tölvupóstur sem aðgangur er að listaður upp.

- Velja þann tölvupóst sem óskað er.
Tækið sækir og sýnir afrit af þeim tölvupósti sem valinn var.
Ef í tölvupósti er enginn texti hljóma hljóðræn villuboð.
- i** Tækið birtir það innihald tölvupósts sem er með **Textasniði**. Sérstök textasnið – t.d. .rtf, html – myndir eða viðhengi eru ekki sýnd.

Eyða tölvupósti

Pósthólflið sem valið var er opnað og tölvupóstur sem aðgangur er að listaður upp.

- Velja þann tölvupóst sem óskað er.
Tækið sækir og sýnir afrit af þeim tölvupósti sem valinn var.
- Ýta á aðgerðarhnappinn **Eyða rafpósti**.

RSS-þjónusta

RSS-þjónustan býður einskonar fréttastrimil með fyrirsögnum og stuttum útdrætti ásamt tilvísun á síður með ítarlegri fréttum.

Ef kerfið er þannig stillt getur tækið birt svokallaðar RSS-færslur. Eftirfarandi forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að hægt sé að nýta RSS-þjónustuna:

- Tækið verður að vera tengt við íðnet.
- Netaðgangur að RSS-þjónustu verður að vera fyrir hendi – gegnum alnet eða innranet.
- RSS-þjónustan þarf að vera stillt inn á hugbúnað netþjónustunnar.
- Þær RSS-færslur sem valdar eru þurfa að vera með 2.0 sniði.

Eftirfarandi aðgerðir standa til boða:

- Allt upp í 8 mismunandi RSS-færslur.
- RSS-frétt getur náð yfir allt að tvær skjásíður.
- Hver frétt getur innihaldið eina mynd.

Sýna RSS-færslur

- Opna skjásíðuna með þeim RSS-færslum sem aðgangur er að.
- Velja þær RSS-færslur sem óskað er.
Yfirskriftir þeirra greina sem aðgangur er að eru sýndar.
- Velja þá grein sem óskað er.
Greinin sem valin var er birt.

Uppfæra RSS-færslur

Uppfærsla á RSS-færslum fer fram sjálfvirk eða handvirk, eftir því hvernig forritað er.

Síðan með RSS-færslum sem aðgangur er að opnast.

- Ýta á þá fréttapjónustu sem óskað er lengur en 5 sek.

Aðvörunarkerfi

- i** Þær leiðbeiningar sem hér fylgja eiga aðeins við um það aðvörunarkerfi sem er innbyggt í tækið og sem aðeins er starfsrækt frá tækinu sjálfu. Ef önnur stjórnumartæki eru uppsett í KNX-kerfinu eru stjórnumaraðgerðir að sama skapi öðru vísi. Sé tækið notað sem birtingar- eða stjórnumartæki fyrir sérstaka KNX-viðvörðunarmiðstöð verður að fara eftir þeim leiðbeiningum sem þar eiga við.

Aðvörunarkerfið hentar – tengt við passandi skynjara – fyrir einfalt eftirlit með gluggum, hurðum o.s.frv. Allt eftir gerð búnaðarins birtast boðin frá aðvörunarkerfinu sjónrænt eða hljóðrænt. Eftirfarandi aðgerðir standa til boða:

- Hægt er að tengja allt upp í 40 skynjara við kerfið.
- Vakta má tvenns konar umhverfi: Innanhúsrými og byggingar að utan
- Innra virknissvið: Byggingar eru vaktaðar að utanverðu.
- Ytra virknissvið: Byggingar eru vaktaðar að utanverðu ásamt innanhúsrými.

i Aðvörunarkerfið í þessu tæki er ekki sambærilegt við VdS-vottuð viðvörunarkerfi. Það er heldur ekki fullnægjandi vörn í staðinn fyrir raunverulegan öryggisbúnað til þess að koma í veg fyrir að óviðkomandi komist inn í hús.

Kerfisstillingar

Viðbrögð aðvörunarkerfisins fara eftir stillingum kerfisins:

- Vægari stilling: Innkomandi tilkynningar eru birtar án þess að senda aðvörun.
- Strangari stilling: Tilkynningar frá öðru hvoru virknissviðinu setja aðvörunarkerfið í gang. Greint er á milli:
 - Strangari stilling á innra virknissviði: Fólk er statt innanhúss. Aðeins byggingarnar að utanverðu eru vaktaðar. Fólk inni í byggingunum setur engar aðvaranir af stað. Tilkynningar frá skynjurum utanhúss setja aðvörunarkerfið í gang.
 - Strangari stilling á ytra virknissviði: Ekkert fólk er í byggingum. Öll svæði jafnt innanhúss sem utanhúss eru vöktuð. Ef skynjari sendir boð fer aðvörunarkerfið í gang.
- Aðvörunarboð: Ef skynjari á strangvöktuðu virknissviði sendir boð stillist aðvörunarkerfið sjálfkrafa yfir í aðvörunarham. Sá sendir sem tengdur er kerfinu fer í gang.
- Bilun: Aðvörunarkerfið skiptir í bilunarham ef t.d. einstakir skynjarar virka svo illa að kerfið uppfylli ekki eðlilegar kröfur. Meðan kerfið er í bilunarham er ekki hægt að stilla það á stranga vöktun.

Stilling á stranga vöktun

Aðvörunarkerfið er stillt á **Væg vöktun**.

Enginn skynjari á viðkomandi virknissviði hefur sent boð.

Skjásíðan aðvörunarbúnaður er opin.

- Stilling á strangari vöktun fyrir það virknissvið sem óskað er.
Eftir hugsanlega nokkra tölur skiptir kerfið yfir í stillinguna **Ströng vöktun**.
Á meðan hugsanleg tölur stendur yfir birtast boðin tölur á stillingu.
Skjárninn sýnir haminn **Ströng ytri** eða **Ströng innri**.
- Ef tækið er á virknissviðinu strangari vöktun og óskað er að komast út úr þessu virknissviði áður en aðvörunarkerfið fer að stað.

Stilla á vægari vöktun

Aðvörunarkerfið er stillt á **Ströng ytri** eða **Ströng innri**.

Skjásíðan **Aðvörunarbúnaður** er opin.

- i** Sé tækið innan vaktaða svæðisins er aðeins takmarkaður tími til stefnu til að skipta yfir í vægari vöktun, áður en aðvörunarkerfið fer í gang.
- Ýtið á **Stilla á væga**.
Kerfið skiptir yfir í haminn **Væg vöktun**.

Komast út úr bilunarham

Ef skynjari svarar ekki sjálfvirkri prófun skiptir kerfið yfir í bilunarham.

Skjárninn sýnir haminn **Bilun**.

- Gera við bilun.
- Ýta á **Staðfesta** á tækinu.
Eftir viðgerð á öllum bilunum skiptir kerfið yfir í haminn **Væg vöktun**.

i Skyldi kerfið ekki skipta yfir í haminn **Væg vöktun** eru fleiri bilanir sem þarf að gera við.

Endurstilla aðvörunarham

Ef skynjari á strangvöktuðu virknissviði sendir boð stillist aðvörunarkerfið sjálfkrafa yfir í haminn **Viðvörun**. Sendarnir fara í gang á þann hátt sem þeir eru forritaðir. Áður en aðvörun er send út þarf tækið að staðfesta hana. Fyrir er ekki hægt að stilla kerfið aftur á stranga vöktun.

Skjásíðan **Aðvörunarbúnaður** er opin.

Skjárin sýnir haminn **Viðvörun**.

- Ýta á **Staðfesta**.

Á eftir aðvörun sýnir skjárin haminn vægari stilling.

Allt þar til staðfesting kemur sendir tækið út hljóðboð.

- Ýta á **Staðfesta**.

Kerfið skiptir yfir í haminn **Væg vöktun**.

Nærveruhermir

Nærveruhermis-aðgerðin er ætluð til þess að lát líta út fyrir að íbúar séu í húsinu. Hægt er að vista allt upp í 15 mismunandi aðgerðahópa og spila þá – með allt frá daglegum og upp í 7 daga endurtekningum – í ákveðinn tíma.

Hefja skráningu nærveruhermis

Til þess að nýta aðgerðina nærveruhermi þarf fyrst að velja og forrita stillingar.

- Velja síðuna **Nærveruhermir**.

- Ýta á **Velja aðgerðir**.

Tækið sýnir allmargar aðgerðir sem hægt er að nýta fyrir nærveruherminn.

- Velja þær aðgerðir sem á að vista og ýta á **Vista**.

- Ýta á **Tímalengd**.

- Gefa upp skráningartíma sem óskað er og ýta á **Vista**.

- Velja **Byrja** undir **Forritun** og staðfesta.

Birting á tæki er **Forritun virk**.

- Ef þú vilt hætta við forritun áður en henni er lokið þarftu að ýta á **Stopp**.

i Um leið og ný forritun hefst er öllum fyrri stillingum eytt.

i Í hverri forritun geta í hæsta lagi verið 2100 boð. Ef fjöldi boða er meiri áður en forritun lýkur verða fleiri ekki skráð.

Virkja nærveruhermi

Hægt er að endurtaka vistaða skráningu eftir vikudögum eða í óreglulegri röð. Hafi færri en 7 dagar verið forritaðir, eru með vikudagastillingu aðeins raunverulega forritaðir dagar endurteknir á viðkomandi dögum.

Forritun liggur fyrir.

- Opna síðuna **Nærveruhermir**.

- Ýta á **Tegund**.

- Velja endurtekningarform og ýta á **Vista**.

- Hægt er að virkja nærveruherminn með allt að 24 stunda fyrirvara:

Ýta á **Biðtími**, slá inn biðtímann í klukkustundum og ýta á **Vista**.

i Eigi að tengja á nærveruherminn þegar í stað þarf að slá inn gildið **0** fyrir biðtímann.

- Velja **Byrja** undir **Herma** og staðfesta.

Stöðva nærveruhermi

Nærveruhermirinn er virkur.

- Opna síðuna **Nærveruhermir**.

- Ýta á **Stopp**.

5 Upplýsingar fyrir faglærða rafvirkja

5.1 Uppsetning og tenging við rafmagn




HÆTTA!

Raflost við snertingu á hlutum með straumi á.

Raflost getur verið banvænt.

Á undan viðhalds- eða viðgerðarvinnu á tækinu þarf að taka alla sjálfvirka öryggisrofa úr sambandi. Auk þess ætti að breiða yfir nálæga spennuleiðandi hluti!

Tenging og uppsetning tækisins



mynd 3: Bakhlið

- (7) Tenging við rafveitu
- (8) Brautartenging
- (9) Forritunar-gaumljós
- (10) Forritunarhnappur
- (11) Tenging **Ext.**
- (12) Endurstillingarhnappur
- (13) Gaumljós fyrir endurstillingu
- (14) USB 2.0 tenging
- (15) Íðnetstenging

i Ábending: Uppsetning í augnahæð auðveldar álestur.


Uppsetning í lokuðum kassa .

- i** Aðeins er hægt að komast að forritunarhnappi og gaumljósi frá bakhlið tækisins. Ef mögulegt er ætti að slá raunvistfang inn í tækið áður en það er endanlega sett upp (Sjá kafla 5.2. Ræsing).
- Kassann sem kerfinu er komið fyrir í ætti að innbyggja í vegg á hentugum stað – annaðhvort lárétt eða lóðrétt. Ef lárétt, á örin **OBEN TOP** að vísa upp. Sé kassinn settur upp lóðrétt á örin **OBEN TOP** að vísa til vinstri. Brautartengingar og 230 V leiðslur á að draga gegnum þar til gerð göt.
- Meðfylgjandi leiðsluslöngu á að draga yfir rafleiðslurnar eftir að ysta klæðningin hefur verið losuð frá.
- Tengja snúru með veituspennunni AC 230 V við klemmuna (7).
- Tengja snúruna við klemmuna (8).

Fyrir tenginguna við IP-netið er bæði notuð Ethernet-tengingin (15) og meðfylgjandi íðnets-millistykki og íðnetssnúru.


Gæta þarf að því að litir leiðslanna, EIA/TIA-568-A eða -B, passi saman. Upplýsingar þar um er að finna í leiðarvísinum með beininum og uppsettum nethlutum.

i Íðnetstenging tækisins er í samræmi við EIA/TIA-568-B.



mynd 4

- Tengja íðnetsleiðsluna við íðnets-millistykkið. Til þess þarf að taka ystu klæðninguna og losa sundur íðnetsleiðslurnar án þess að einangrunin skemmist, og stinga leiðslunum inn í lokið á millistykkinu. Leiðsluenda sem af ganga má stytt og setja síðan lokið rétt á millistykkið.
- Tengja meðfylgjandi íðnetsleiðslu á klemmuna (15) og síðan í íðnets-millistykkið.



mynd 5: Uppsetning í lokuðum kassa.

- Setja tækið upp í kassanum (18). Nota skal meðfylgjandi skrúfur (16)
- Setja upp skrautrammann (17) og ýta honum fast að veggnum.

5.2 Ræsing

Sækja raunvistfang

Tækið þarf að vera tengt og tilbúið til notkunar.

Forritunarhnapparnir (10) og LED (9) þurfa að vera aðgengilegir á bakhlið samsteypunnar.

Undirbúningur og fyrsta notkun með ETS2 útgáfu 1.3a til ETS3.0d eða nýrri.

- Ýta á forritunarhnapp (10).
Forritunar-gaumljósið (9) lýsir.
- Gefa upp raunvistfang.

LED á

- Skrifa niður raunvístfangið á bakhlið tækisins.

Hlaða niður vinnsluhugbúnaðinum

Ábending: Með hliðsjón af löngum niðurhalstíma vegna stærðar gagnanna er mælt með því að forrita vinnsluhugbúnaðinn um innbyggða USB-viðmótið (14),

Fyrir tenginguna við tölvuna þarf að nota USB-snúru með innstungu af B-gerð.

Áður en tækið er tengt við tölvuna þarf að setja upp bæði vinnsluhugbúnaðinn og USB-rekil.

- i** Í fyrsta skiptið sem tækið er tengt við tölvu eru reklarnir settir upp. Það getur aðeins kerfisstjóri með fullan aðgangsrétt framkvæmt.
- i** Sum tölvukerfi prófa við uppsetningu (fyrstu tengingu tækisins við tölvuna) hvort USB-reklarnir séu vottaðir. Öll boð og aðvaranir þar að lútandi má hunsa og halda uppsetningu áfram.
- i** Aðeins skal tengja eitt tæki við tölvuna.
 - Þegar búið er að setja tækið upp: Takið skrautrammann (17) af tækinu. USB-tengingin er vinstra megin á tækinu – sé það sett upp lóðrétt, þá við neðri brún þess (14).
 - Tengja tækið við forritunartölvuna með USB-snúru.
 - Forrita vinnsluhugbúnaðinn
 - Að lokinni forritun skal fjarlægja USB-tenginguna og setja skrautrammann (17) aftur á og þrýsta honum þéttingsfast að.

IP-stillingar

Áður en hægt er að nota IP-aðgerðirnar netpóst, RSS og fjarstýringu með tölvu þarf að framkvæma vissar stillingar.

Tækið er uppsett og tilbúið til notkunar.

Bæði tækið og tölvun eru tengd við uppsett og virkt tölvunet

KNX-vinnsluhugbúnaðinum hefur verið hlaðið niður.

Hugbúnaður netþjónustunnar er uppsettur og gangsettur í tölvunni.

- Opna þjónustusíðu.
- Velja **Kerfisstjóri**.
- Velja **IP-stillingar**.
- Sjálfvirk úthlutun IP-númers: Stilling fyrir **DHCP: Á**
- Handvirk úthlutun IP-númers: Stilling fyrir **DHCP: Af**.
- Í **DHCP: Á**: ýta á **Vista**.

Fara af skjásíðunni **IP-stillingar**.

Netstillingarnar eru uppfærðar og spurt er um hið nýja veffang beinisins.

- Velja **IP-stillingar**.

Eftir um 30 sek. birtist IP-númerið
- Skrá IP-númerið hjá PC-Client-Software

- i** Til að setja upp og nota hugbúnað PC-netþjónustunnar er nauðsynlegt að kynna sér meðfylgjandi leiðbeiningar.

6 Viðauki

6.1 Tæknilýsing

KNX-miðill
Byrjunarhamur
Málsþenna KNX
Afkastaskráning KNX
Tegund tengingar KNX
Málsþenna
Raftíðni

TP 1
S-hamur
DC 21 ... 32 V SELV
gerð 150 mW
Tengiklemma
AC 230 V ~
50 / 60 Hz

Fínöryggi	Littelfuse/Wickmann 372 1160 T 1,6 L 250
Afkastaskráning	ca. 13,8 W
Afkastaskráning	ca. 5 W (slökkt á skjá)
Umhverfishitastig	-5 ... +45 °C
Geymslu- og flutningshitastig	-25 ... +75 °C (Við geymsluhita yfir +45°C verður endingin minni)
Mál BxHxD	u.p.b. 220×140×48 mm (án skrautramma)
Mál skjás BxH	u.p.b. 115 × 86,5 mm
Nettenging	Skrúfað eða stungið úttak
einþátta	0,5 ... 2,5 mm ²
fínþráða án endahlífar	0,5 ... 2,5 mm ²
fínþráða með endahlíf	0,5 ... 1,5 mm ²
USB	
USB-tenging	B-gerð
útgáfa	2.0
Íðnet	
gerð	10 MBit/s Ethernet
Tenging	RJ45-innstunga 8/4 póla
Skýrslur	TCP/IP, IMAPv4, POP3, SMTP
Innbyggð klukka	
Varaafli	Lágm. 12 klst.
Gangfrávik	<2 mín/mán.

6.3 Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérværslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Gira

Giersiepen GmbH & Co. KG

Elektro-Installations-
Systeme

Industriegebiet Mermbach
Dahlienstraße
42477 Radevormwald

Postfach 12 20
42461 Radevormwald

Deutschland

Tel +49(0)21 95 - 602-0
Fax +49(0)21 95 - 602-399

www.gira.de
info@gira.de